REYKJANESHÖFN

Reykjanesbær, 28. janúar 2011.

Alur álvinnsla ehf.
Helguvík
B.t. Gunnþór Ingason stjórnarformaður

Í starfsleyfistillögu Als, sem gefin er út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sé mengun, er veitt heimild fyrir skolgryfju.
Heimildin byggir á þeirri forsendu að sýnt sé fram á að meiri ávinningur sé fyrir umhverfið að meðhöndla gjallsandinn með þeim hætti, mengunarefni skolist til sjávar, grunnvatn mengist ekki, verklag sé skýrt og útskolunarpróf séu gerð.

Reykjaneshöfn vill stuðla að því að Alur fái lausn á svæði hafnarinnar í Helguvík fyrir varanlega skolgryfju. Viðræður eru í gangi um slíka lausn. Núverandi skolgryfja sinnir ágætlega sínu hlutverki en hún er ekki á varanlegum stað. Alur getur áfram nýtt sér þá aðstöðu sem til staðar er við núverandi skolgryfju þar til varanleg skolgryfja verður útbúin.

Þegar gjallsandurinn hefur verið meðhöndlaður og skolaður með þeim hætti sem gert er, þá hefur Helguvíkurhöfn áhuga á að nýta nýjan gjallsand og þann sem fyrir er í og við höfnina, til uppfyllingar í höfninni í samráði við Al og í fullu samræmi við samkvæmt ýtrustu umhverfiskröfur. Þannig verði stefnt að því að gjallsandurinn nýtist til uppfyllingar, kappkostað að af honum stafi engin mengun og frágangurinn sé að fullu í samræmi við kröfur Umhverfistofnunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Reykjaneshafnar,

REYKJANESHÖFN HAFNARSTJÓRI

Pétur Jóhannsson, hafnarstjóri.

VÍKURBRAUT 11 • 230 REYKJANESBÆR • SÍMI 420 3220
BRÉFASÍMI 420 3229 • KT. 410190-1099 • NETFANG: REYKJANESHOFN@REYKJANESHOFN.IS